

um frv. til l. um framhaldsskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn í menntamálanefnd neðri deildar erum ekki sam- mála meiri hluta nefndarinnar um afstöðu til frumvarps til laga um framhalds- skóla. Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem lagðar eru til á þingskjali 619. Við erum hins vegar ekki reiðubúnir til að mæla með samþykkt frumvarpsins að svo stöddu. Ástæðurnar eru einkum eftir- farandi:

1. Fyrir hefur legið, að kostnaður sveitarfélaga mun aukast mjög verulega vegna þeirrar kostnaðarskiptingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir og felst í því, að kostnaður af tveimur fyrstu skólaárum framhaldsskólans skiptist milli ríkis og sveitarfélaga eftir sömu meginreglum og kostnaður við grunnskóla.

Eftir kröftug mótmæli Sambands ísl. sveitarfélaga er sú breyting lögð til, að komið verði til móts við sveitarfélögin með því að viðhaldskostnaður grunnskóla leggist jafnt á ríki og sveitarfélög, í stað þess að hann sé að öllu leyti greiddur af sveitarfélögum eins og nú er. Þessari breytingu erum við algjörlega andvígir, enda gengur það þvert á stefnu Sambands ísl. sveitarfélaga og Sjálfstæðisflokksins um kostnaðar- og verkaskiptingu á þessum vettvangi.

Jafnframt stendur eftir það samkrull við kostnaðarskiptingu á framhaldsskóla- stiginu, sem við teljum afar óæskilegt og erfitt.

2. Engar raunhæfar upplýsingar liggja fyrir um það, hvaða útgjaldaauka sam- þykkt frumvarpsins hefur í för með sér. Að visu fylgir kostnaðaráætlun með frumvarpinu, og í nefndaráliti meiri hlutans er gerð tilraun til að meta áhrif frum- varpsins á heildarkostnað framhaldsskóla, en í báðum tilfellum er rennt blint í sjóinn eins og raunar er viðurkennt í nefndarálitinu.

Óskað hefur verið álits sveitarfélaga og þá sérstaklega Reykjavíkurborgar á kostnaðarákvæðum frumvarpsins, eins og þau munu verða ef breytingartillögurnar verða samþykktar, en þær upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram í nefndinni. Ekki hefur heldur verið lagt fram kostnaðarmat fjárlaga- og hagsýslustofnunar né Þjóðhagsstofnunar þrátt fyrir ítrekaða beiðni þar um.

Ljóst er þó að full óvissa ríkir um kostnaðarauka ríkis og sveitarfélaga, en slíkt er auðvitað óviðunandi þegar svo stórt og umfangsmikið mál er á ferðinni.

3. Miðað við það, sem að framan er sagt, og með hliðsjón af ástandi í skóla- málum, sérstaklega er varðar verkmenntun, er veruleg hættu á því, að hér sé verið að samþykkja löggjöf sem í sjálfu sér kann að vera góðra gjalda verð, en hefur það eitt í för með sér að raska stórlega núverandi kerfi, án þess að ríki, sveitar- félög eða fræðsluyfirvöld hafi nokkur tæk á að framkvæma hana svo viðhlítandi sé.

4. Ágreiningur hefur verið um framtíð sérskólanna. Samkv. frumvarpinu og breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar er ekki skorið á þann hnút.

Þessi þáttur málsins er þó svo veigamikill, að ótækt er að afgreiða þetta frum- varp án þess að tekin sé ljós og skýr afstaða til hans og staða sérskólanna ákveðin í tengslum við stefnumótun í framhaldsskólanámi.

5. Framkvæmd laganna mun verða mjög undir því komin, hvernig reglugerðir verða úr garði gerðar. Heimildir um setningu reglugerða eru svo rúmar og vald ráðuneytis þar með svo viðtækt, að þar getur brugðið til beggja átta. Það er skoðun undirritaðra, að þessar heimildir cigi að þrengja, og setja nánari lagaákvæði þar að lútandi.

6. Mjög miklar efasemdir hafa komið fram hjá reyndum skólamönnum um ágæti þeirrar stefnu að breyta menntaskólum í núverandi mynd í samræmda fram- haldsskóla eða fjölbrautaskóla.

Þá er ekki dregið úr mikilvægi verkmenntunar og því að auka veg hennar, en bent á að þar með megi ekki um leið draga úr gæðum hins klassíska bóknáms, eins og líkur verða til með þessari kerfisbreytingu.

Vakin hefur verið athygli á því, að sambærilegt framhaldsskólakerfi, m. a. í Svíþjóð, hefur leitt til þess, að nemendur eru mun verr undir háskólanám búinir, og hefur raunar dregið mjög úr möguleikum þeirra til að fá aðgang að viðurkenndum háskólum.

Af þeim ástæðum, sem að framan eru raktar, og ýmsum öðrum erum við undirritaðir ekki reiðubúinir til að mæla nú með samþykkt frumvarpsins á þessu þingi, en leggjum til að frumvarpið fái frekari athugun.

Sú stefna, sem fram kemur í frumvarpinu um samræmt nám, þar sem fleiri leiðir verða opnaðar og forðast blindgötur og þar sem hlutur verknáms er aukinn, er í rétta átt. Að því leyti erum við samþykkir frumvarpinu, og við erum sammála því, að nauðsyn ber til að setja nýja löggjöf um framhaldsskólanám hér á landi.

En hér er svo veigamikilið og viðkvæmt mál á ferðinni, sem úrslitum ræður um gæði náms og hæfni nemenda til að takast á hendur frekara nám eða almenn störf, að ekki má rasa um ráð fram. Fræðsluyfirvöld og almenningur allur verða að vera samstiga í ákvörðunum, sem hafa í för með sér róttækar breytingar, sem þetta frumvarp kann að leiða til.

Með þetta í huga berum við fram svofellda

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Þar sem frumvarp þetta þarf bersýnilega frekari athugunar við, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. maí 1979.

Ellert B. Schram,
frsm.

Ólafur G. Einarsson.